

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 3/2016

2017/EES/45/03

frá 5. febrúar 2016

## um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/261 frá 6. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðunum 2010/470/ESB og 2010/471/ESB að því er varðar kröfur um dýraheilbrigðisvottorð fyrir viðskipti með og innflutning til Sambandsins á sæði, eggjum og fósturvísu dýra af hestaætt<sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á 93. lið (tilskipun ráðsins 2010/470/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi verður bætt við:

„eins og henni var breytt með:

- **32015 D 0261:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/261 frá 6. febrúar 2015 (Stjútíð. ESB L 52, 24.2.2015, bls. 1).“

2. Í stað aðlögunartextans kemur eftirfarandi:

Að því er varðar EFTA-ríkin skal „25. febrúar 2015“ koma í stað dagsetningarinnar „30. september 2014“ í a-lið og i-lið d-liðar 2. gr. Að því er varðar EFTA-ríkin skal „26. febrúar 2015“ koma í stað dagsetningarinnar „1. október 2014“ í b-lið og ii-lið d-liðar 2. gr. Að því er varðar EFTA-ríkin skal „1. júlí 2011“ koma í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2010“ í b-lið, c-lið og ii-lið d-liðar 2. gr. Að því er varðar EFTA-ríkin skal „2. júlí 2011“ koma í stað dagsetningarinnar „1. september 2010“ í c-lið og ii-lið d-liðar 2. gr.

Að því er varðar EFTA-ríkin skal „1. júlí 2011“ koma í stað dagsetningarinnar „31. ágúst 2010“ í a- og b-lið 4. gr. Að því er varðar EFTA-ríkin skal „2. júlí 2011“ koma í stað dagsetningarinnar „1. september 2010“ í b-lið 4. gr.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 52, 24.2.2015, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/261, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.